

Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Garðabæ, 21. apríl 2023
Mál nr. 2303231

Efni: Umsögn Garðabæjar við drög að Hvítbók um samgöngumál.

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar sem haldinn var 21. mars sl. var til umfjöllunar tilkynning frá innviðaráðuneytinu drög að stefnu um samgöngur (hvítbók) ásamt umhverfismatsskýrslu hennar.

Garðabær lýsir almennt yfir ánægju með að unnið sé að stefnu á grundvelli samgönguáætlunar til lengri tíma ásamt aðgerðaráætlun til fimm ára í jafnmikilvægum málaflokki sem varða bæði ríki og sveitarfélögin í landinu.

Garðabær tekur undir mikilvægi þess að horft verði til þess að við ákvarðanir um framkvæmdir við samgöngumannvirki að þær uppfylli markmið um bætt öryggi, jákvæða byggðaðróun og greiðfærni. Það er því fagnaðarefni að í umhverfisskýrslu sem fylgir drögum að stefnunni komi fram að framkvæmd við Flóttamannaveg (Elliðavatnsvegur, Vífilsstaðavegur-Kaldárselsvegur) er á dagskrá og uppfylli þau atriði.

Garðabær telur rétt að benda á í þessu sambandi að mikilvægt er á grundvelli sömu forsendna að tryggja fjármagn í framkvæmdir við Álftanesveg milli Engidals og Reykjanesbrautar. Þar er um að ræða tengingu milli stofnvega sem uppfyllir markmið um bætt öryggi, jákvæða byggðaðróun og greiðfærni.

Að öðru leyti er tekið undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um sama mál.

Virðingarfyllst,



Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.